



Reykjavík, 29.júní 2020

ÞON20060044

00.05

Til borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur:

Efni: Fyrsta samþykki Borgarskjalasafns fyrir rafrænni varðveislu skjala hjá starfseiningu Reykjavíkurborgar

Hjálagt minnisblað um tímamót í rafrænni stjórnsýslu og rafrænni langtímavarðveislu gagna hjá Reykjavíkurborg óskast lagt fram borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Óskar Jörgen Sandholt



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

MINNISBLAÐ

Efni: Tímamót í rafrænni stjórnsýslu og rafrænni langtímavarðveislu gagna hjá Reykjavíkurborg

Fimmtudaginn 25. júní sl. urðu þau merku tímamót í skjalastjórn Reykjavíkurborgar að Borgarskjalasafn Reykjavíkur samþykkti í fyrsta sinn að taka á móti rafrænum gögnum til langtímavarðveislu. Með ákvörðuninni var Þjónustu- og nýsköpunarsviði borgarinnar veitt heimild til að hefja notkun á upplýsingarstjórnunarkerfi sem jafnframt er rafrænt mála- og skjalavörslukerfi sem varðveitir og afhendir gögn á rafrænu formi til langtímavarðveislu hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Um er að ræða þáttaskil í rafrænni stjórnsýslu hjá Reykjavíkurborg, þar sem gögn verða varðveitt og afhent á rafrænu formi og hætt verður að prenta út hjá þeim aðilum sem hafa fengið samþykki safnsins fyrir rafrænni varðveislu.

Upplýsingastjórnunarkerfið sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkur hefur fengið samþykkt til langtímavarðveislu hefur hlotið nafnið Hlaðan og er byggt á GoPro Foris 1.9 frá Hugvit hf. Gengið var frá innkaupum á kerfinu í fyrra eftir mjög umfangsmikið innkaupaferli. Kerfið var fyrst innleitt hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði og Fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar þann 8. júní s.l. Stefnt er að því að öll stjórnsýsla og svið borgarinnar innleiði Hlöðuna á næstu mánuðum. Á fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir umtalsveru fjármagni í þá innleiðingu og þarf með innleiðingu rafrænnar skjalastjórnunar í alla starfsemi borgarinnar. Fyrsta vörsluútgáfan úr Hlöðunni er væntanleg til Borgarskjalasafnsins haustið 2022.

Undirbúningur rafrænnar langtímavarðveislu hjá Reykjavíkurborg hefur staðið yfir í langan tíma, allt frá því að samþykkt var skjalastefna fyrir Reykjavíkurborg þann 10. september 2015 og stefnt að rafrænni langtímavarðveislu skjala.

Vendipunktur varð þann 22. desember 2016 þegar borgarráð samþykkti að Borgarskjalasafn myndi hefja undirbúning langtímavarðveislu rafrænna gagna borgarinnar skv. reglum um vörsluútgáfu rafrænna gagna. Borgarstjóri skipaði starfshóp um undirbúning og innleiðingu rafrænnar langtímavarðveislu skjala Reykjavíkurborgar þann 13. janúar 2017 og skilaði hópurninn skýrslu til borgarstjóra 15. apríl 2019.

Ferlið við móttöku og varðveislu rafræna gagna er í samræmi við reglur sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett um varðveislu og afhendingu gagna. Rafræn gögn verða varðveitt á kerfisóháðum sniðum til þess að tryggja að hægt verði að lesa gögnin um alla framtíð.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur fengið nú þegar sendar á þriðja tug tilkynninga um skjalavistunar- og gagnakerfi, bæði frá sviðum borgarinnar og öðrum afhendingarskyldum aðilum. Sérhæft starfsfólk hefur tekið til starfa hjá safninu sem mun veita ráðgjöf um rafræna langtímavörslu til afhendingarskyldra aðila, yfirfara tilkynningar og sinna auknum verkefnum vegna þeirra.

Sú aðferðafræði sem hefur verið ákveðin við langtímavörslu rafræna gagna á Íslandi er tekin beint frá Dönum og hún byggist á því að varðveita rafræn gögn kerfisóháð. Þau eru ekki varðveitt til framtíðar í þeim kerfum sem þau eru mynduð í heldur er útbúin sérstök vörsluútgáfa af gögnum sem varðveitt er til framtíðar hjá Borgarskjalasafni.

Reykjavíkurborg gerði samning 14. apríl 2020 við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), um ráðgjöf og þjónustu varðandi langtímavarðveislu rafræna gagna. NEA er samstarfsvettvangur 29 sveitarfélaga í Danmörku, sem Borgarskjalasafnið í Kaupmannahöfn stýrir. Þetta samstarfsverkefni milli Reykjavíkurborgar og dönsku sveitafélaganna er til reynslu en samningurinn gildir til ársloka 2020. Stefnt er að því að hann verði framlengdur að þeim tíma liðnum. Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur þannig aðgang að þjónustu og ráðgjöf frá NEA.

Samþykkt fyrsta kerfis aðila hjá Reykjavíkurborg er stórt skref hjá Borgarskjalasafni inn í framtíðina, þar sem varðveisla gagna verði rafræn sem bæði er umhverfisvænna og verður ódýrara þegar til lengri tíma er litið.

Að innleiða rafræna skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg er afar mikilvægt en þar vegur einna þyngst öryggi á varðveislu gagna. Á undanförunum árum og ártugum hafa rafræn gögn sífellt orðið umfangsmeiri hjá opinberum aðilum og Reykjavíkurborg er þar engin undantekning. Hingað til hefur verið gerð sú krafa að opinberir aðilar prenti út úr kerfum sínum og varðveislan sé á pappír. Sífellt erfiðara er að prenta út þær upplýsingar sem taldar eru hafa varðveislugildi, með flóknari grunnum og auknu gagnamagni.


Með rafrænni skjalastjórn breytist vinnuumhverfi starfsfólks borgarinnar og sjálfbærni þess við meðferð og vistun gagna og upplýsinga eykst. Starfsfólk mun sjá sjálft um skráningu og vistun gagna um leið og þau eru mynduð í kerfinu. Í þessu samhengi skiptir miklu að Hlaðan sé innleidd á réttan hátt og starfsfólk fái rétta þjálfun. Með því er tryggt að öll gögn séu vistuð og útbúin jafnóðum í vinnuumhverfinu. Vinnuumhverfi starfsfólks verður einnig betra þar sem meðal annars er verið er að draga úr rými sem fer í að geyma skjöl á vinnusvæðum starfsfólks. Einnig lækkar það kostnað við skjalavörslu, prentun og fjölföldun.

Fyrir utan augljóst umverfislegt hagræði býður rafræn skjalastjórn uppá betra aðgengi að upplýsingum þar sem gögnum er dreift rafrænt í stað pappírs. Leit að upplýsingum tekur styttri tíma með auknu aðgengi upplýsinga. Rafræn skjalastjórn flokkar gögnin á samræmdan hátt um leið og þau verða til eða eru vistuð í sameiginlegum þekkingargrunni borgarinnar. Með rafrænni skjalastjórn liggja aukin tækifæri í framtíðinni til að auka við gagnsæi, sjálfvirknivæðingu og vinna meira með upplýsingar sem og að móta hlutverk skrifstofu gagnþjónustu með nýjum hætti.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Með þessu skrefi hefur Reykjavíkurborg tekið forystu á sviði skjalastjórnar, hvað rafræna stjórnarsýslu og langtímavörslu rafrænna gagna varðar.

Virðingarfyllst,

Óskar Jörgen Sandholt

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
radhus@reykjavik.is
www.reykjavik.is